

## Starfsáætlun í menningar og ferðamálum 2018

Skipurit menningar- og ferðamála

Sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs: Sigríður Kristinsdóttir

Bókasafn Hafnarfjarðar: Óskar Guðjónsson

Byggðasafn Hafnarfjarðar: Björn Pétursson

Hafnarborg: Ágústa Kristófersdóttir

Verkefnastjóri menningar og viðburða: Andri Ómarsson

Menningar- og ferðamálanefnd, 2017

Aðalmenn:

Kristín María Thoroddsen

Helga Björg Arnardóttir

Jón Grétar Þórsson

Varamenn: Pétur Gautur Svavarsson

Sóley Elíasdóttir

Eva Lín Vilhjálmsdóttir

Stjórn Hafnarborgar,

Pétur Gautur Svavarsson

Sigríður Björk Jónsdóttir

Haraldur Líndal Haraldsson

Listráð Hafnarborgar:

Brynhildur Pálsdóttir

Þorbjörg Br. Gunnarsdóttir

Erling Klingenberg

Starfsmenn menningar- og ferðamála 2018

Fjöldi stöðugilda: 21.5

Stöðugildi eftir stofnunum:

Bókasafn Hafnarfjarðar: 14.55

Hafnarborg: 4.3

Byggðasafn: 2.8

Verkefnastjóri menningar og viðburða: 1

## **Menningar- og ferðamál**

Menningar- og ferðamál heyra undir Stjórnsýslusvið. Menningarstofnanir Hafnarfjarðarbæjar eru; Bókasafn Hafnarfjarðar, Byggðasafn Hafnarfjarðar og Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar. Á stjórnsýslusviði starfar verkefnastjóri menningar og viðburða. Að auki er upplýsingamiðstöð ferðamanna í Þjónustuveri og í Hafnarborg og Byggðasafni um helgar.

### **Leiðarljós**

Lagt er kapp á að skapa hvetjandi umhverfi þar sem bæjarbúar fái notið lista, menningar og fróðleiks. Menningin verði þannig öflugt innlegg í jákvæða ímynd Hafnarfjarðar og sjálfsmynd bæjarbúa. Unnið verður með ferðaþjónustunni að kynningu á því sem bærinn hefur upp á að bjóða og að sameiginlegri markaðssetningu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu öllu í samræmi við Ferðamálastefnu bæjarins, sem samþykkt var í ársbyrjun 2013.

Árið 2018 hafa menningarstofnanir Hafnarfjarðarbæjar að markmiði:

- Að höfða til sem flestra og vera þannig mikilvægur þáttur í lífi bæjarbúa.
- Að nýta öll tækifæri til þess að kynna starfsemina sem best.
- Að leita nýrra tækifæra og úrlausna.
- Að auka samstarf sín í milli og ná þannig fram hagræðingu og þekkingarauka.
- Að stuðla að betra menningarlæsi.
- Að sýna ávallt fagmennsku, metnað og góða nýtingu fjármuna.

### **Samstarf þýðir bætt þjónusta**

Áfram verður lögð áhersla á markvissat samstarf menningarstofnana innan sem utan Hafnarfjarðarbæjar. Jafnframt er lögð áhersla á að starfsmenn sæki menningarviðburði og auki þannig víðsýni sína og faglega þekkingu. Menningarstofnanir munu leggja áherslu á samstarf við aðrar stofnanir, deildir, fjölmiðla og félög og leitast þannig við að ná sem bestum árangri í starfi og sýnileika.

## **Menningarstofnanir**

*Hafnarborg*, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar hefur fjölþætt menningarhlutverk. Þar er varðveitt listaverkageign bæjarins og staðið fyrir fjölbreyttum myndlistarsýningum. Stundaðar eru rannsóknir á safnkostinum og markvissat miðlun í tengslum við allar sýningar. Á árinu 2018 verður unnið sérstaklega að endurskoðun á húsakosti safnsins, bæði hvað varðar almannarýmið eins og samþykkt var í bæjarráði 30.06.2015 og hvað varðar geymslurými. Metnaðarfull sýninga- og viðburðadagskrá sem höfðar til bæjarbúa og gesta þeirra verður að vanda aðalsmerki starfseminnar. Áfram verður unnið að því að bæta móttöku aðstöðu fyrir börn og fjölskyldur.

Í *Bókasafni Hafnarfjarðar* er fjölbreyttur safnkostur og safnið veitir aðgang að upplýsinga- og tölvutækni. Bókasafnið er þekkingar-, upplýsinga-, mennta- og menningarsetur Hafnarfjarðarbæjar og býður uppá mjög góð lesaðstöðu fyrir framhaldsskólanema. Þar er stærsta tónlistarsafn á landinu og öflugt barnastarf. Safnið flokkar og skráir jafnframt safnkost leik- og grunnskóla og fleiri stofnana Hafnarfjarðarbæjar. Góð þjónusta er við stærsta hóp nýbúa í

Hafnarfirði. Pólsku- og rússneskumælandi bókavörður er í 50% starfi og er hann með sögustundir fyrir pólsk börn. Mikil aukning í innkaupum á pólskum bókum.

*Byggðasafn Hafnarfjarðar* safnar, varðveitir og rannsakar minjar um menningarsögu Hafnarfjarðar og kynnir þær almenningi með sýningum í öllum sex húsum safnsins auk ljósmyndasýninga á strandstígnum. Þá sér safnið um bæði húsa- og fornleifaskráningu í bæjarlandinu og er tengiliður bæjarins við Minjastofnun Íslands. Safnið er leiðandi í að varðveita og miðla sögu bæjarfélagsins.

Verkefnastjóri menningar og viðburða starfar á stjórnsýslusviði og heldur utan um viðburði og hátíðir á vegum bæjarins, s.s. jólaþorpið á Thorsplani í desember og Bjarta daga sem haldnir eru að vori, og sinnir samskiptum við félagasamtök sem hafa umsjón með öðrum viðburðum skv. sérstökum samningum s.s. Þrettándagleði/Haukar, Sumardagurinn fyrsti/Skátafélagið Hraunbúa og Sjómannadagurinn/Björgunarsveit Hafnarfjarðar. Verkefnisstjóri viðburða leiðir ýmis önnur verkefni sem til falla á sviði menningar og samstarfs milli stofnana, félagasamtaka og einkaaðila á því sviði.

Menningar- og ferðamálanefnd er ráðgefandi stjórnsýslu sveitarfélagsins um menningar- og ferðamál. Starfsmaður nefndarinnar ritar fundargerðir og heldur utan um fundi nefndarinnar og styrkveitingar á hennar vegum. Starfsfólk bæjarins sinnir verkefnum fyrir hönd nefndarinnar þá sérstaklega verkefnastjóri menningar og viðburða.

## ***Menningar- og ferðamálanefnd – starfsáætlun 2018***

Meginmarkmið:

- Góðar og öflugar menningarstofnanir.
- Aðgangur sé ókeypis að menningarstofnunum bæjarins.
- Að kynna Hafnarfjörð sem kjörinn áningarstað og laða að gesti
- Að efla lista- og menningarlíf
- Að standa fyrir fjölbreyttum viðburðum
- Að veita upplýsingar og ráðgjöf
- Að stuðla að góðri nýtingu fjármagns
- Að vinna með ferðaþjónustuaðilum að framgangi í ferðamálum og samkvæmt Ferðamálastefnu.
- Að vinna að sameiginlegri markaðssetningu höfuðborgarsvæðisins sem einnar heildar.

### **Helstu verkefni**

#### **Stefnumótun**

Á árinu 2018 verður unnið að gerð nýrrar menningarstefnu Hafnarfjarðarbæjar. Lögð verður áhersla á opið samráð við bæjarbúa og aðra hagsmunaaðila.

### **Viðburðir**

Árlegir viðburðir eru Vetrarhátíð, Bjartir dagar, Sumardagurinn fyrsti, Sjómannadagurinn, Jólaborpið og önnur hátíðahöld. Á árinu 2018 fagnar Hafnarfjörður 110 ára afmælis kaupstaðarréttinda.

**Vetrarhátíð:** Vetrarhátíð er einskonar menningarnótt að vetri. Söfnin í Hafnarfirði tóku í fyrsta skipti þátt í Safnanótt sem er hluti af vetrarhátíð árið 2010 og var það að tilstuðlan markaðssamstarfs á höfuðborgarsvæðinu. Vetrarhátíð hefur þróast í ljóshátíð sem fagnar vetri með því að kynna það glæsilega framboð á afþreyingu sem í boði er á höfuðborgarsvæðinu. Hátíðin hefst með tendrun ljóslistaverka á nokkrum stöðum. Safnanótt verður haldin 2. febrúar og verður dagskrá safnanna sett saman í samstarfi þeirra á milli. Safnanótt í Hafnarfirði er auglýst sérstaklega og undir hatti safnanætur á höfuðborgarsvæðinu í heild. Sundlauganótt fer fram laugardaginn 3. febrúar og ein sundlaug í Hafnarfirði hefur verið opin fram á kvöld. Stefnt er að því að lýsa upp amk. eina byggingu í grænum og fjólubláum lit dagana sem vetrarhátíð stendur. Verkefnastjórnun er í höndum hvernar stofnunar fyrir sig en verkefnastjóri menningar og viðburða situr í stjórn vetrarhátíðar og heldur utan um þátttöku Hafnarfjarðar og sameiginlegar kynningar.

**Bæjarlistamaður Hafnarfjarðar** er útnefndur árlega. Hægt er að senda inn tilnefningar um bæjarlistamann fyrir 1. febrúar ár hvert á sérstöku eyðublaði sem finna má á heimasíðu bæjarins. Umsóknarform og framkvæmd eru auglýst sérstaklega. Tilkynning um útnefningu bæjarlistamanns fer fram síðasta vetrardag.

**Bjartir dagar:** Lista- og menningarhátíðin Bjartir dagar er haldin frá miðvikudegi til sunnudags í sömu viku og sumardagurinn fyrsti. Árið 2018 stendur hátíðin frá 18. til 22. apríl. Á Björtum dögum er lögð áhersla á að sem flestir skapi hátíðina og taka skólar, leikskólar, veitingahús og verslanir þátt auk hinna mörgu listamanna og menningarstofnana sem fylla bæinn lífi og list um leið og vorið gengur í garð. Frá árinu 2014 hefur tónlistarhátíðin Heima sem byggir á fjölmörgum minni tónleikum í heimahúsum verið haldin síðasta vetrardag. Hátíðin var haldin af Rokkland ehf. með styrk frá Hafnarfjarðarbæ.

**110 ára afmæli Hafnarfjarðarbæjar.** 1. júní verða 110 ár frá því að Hafnarfjörður fékk kaupstaðarréttindi. Sú hefð hefur skapast að þjóðfánanum sé flaggað við bæjarmörkin á þessum degi. Menningarstofnanir bæjarins standa fyrir ýmsum viðburðum í tengslum við þessi tímamót.

**100 ára afmælis fullveldis Íslands.** Ljósmyndasýning Byggðasafns Hafnarfjarðar við strandstíginn verður tengd fullveldisafmælinu og munu myndirnar varpa ljósi á líf Hafnfirðinga árið 1918 með hjálp stuttra sýningartexta. Aðrar menningarstofnanir standa einnig fyrir viðburðum í tilefni fullveldisafmælisins.

**Jólaborpið:** Jólaborpið er stærsti einstaki viðburðurinn sem haldinn er í miðbæ Hafnarfjarðar. Þorpið hefur risið á aðventunni á hverju ári frá 2003 og er nú orðinn ómissandi þáttur í jólahátíð

Hafnfirðinga og annarra landsmanna. Fagurlega skreytt jólahúsin eru orðin landsþekktur söluvettvangur fyrir ýmiskonar gjafavöru, handverk og hönnun sem tilvalið er að setja í jólapakkann ásamt gómsætum veitingum og vörum til að taka með heim á veisluborðið. Margir leggja hönd á plóg og er Jólaborpið unnið í samvinnu við Þjónustumiðstöð Hafnarfjarðar, leik- og grunnskóla Hafnarfjarðar og við kaupmenn í miðbænum og Firði. Verkefnastjórnun er í höndum verkefnisstjóra viðburða.

### **Menningarstyrkir**

Menningar- og ferðamálanefnd Hafnarfjarðarbæjar auglýsir eftir umsóknum um styrki til menningarstarfsemi til eflingar hafnfirsku menningarlífi. Sú breyting verður gerð á árinu 2018 að auglýst verður tvisvar, snemma árs og síðan aftur að hausti. Markmiðið er að styðja við menningarstarfsemi í samræmi við menningarstefnu Hafnarfjarðarbæjar og styrkja einstaklinga og félagasamtök til lista- og menningarsköpunar. Nánari upplýsingar um menningarstyrkina og umsóknareyðublöð er að finna á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar.

### **Samningar**

Menningar- og ferðamálanefnd mótar stefnu í samningagerð um menningarmál fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar. Vinna við gerð og eftirfylgni við samninga er í höndum starfsmanna bæjarins. Samningi við Gaflaraleikhúsið og samningi um rekstur Bæjarbíós verður fylgt eftir á árinu 2018. Á árinu 2018 verður unnið að því að fjölga samstarfssamningum um viðburðahald í bænum.

## Bókasafn Hafnarfjarðar - starfsáætlun 2018

### Tilgangur

Bókasafn Hafnarfjarðar (BH) er þekkingarveita og fræðslustofnun sem heldur uppi virkri og fjölþættri bókasafns- og upplýsingaþjónustu. Safnið rækir hlutverk sitt með því að jafna aðgengi að menningu og þekkingu og veita og óheftan aðgang að upplýsingum og afþreyingu án tillits til forms eða framsetningar. Áhersla er lögð á að safnkostur BH endurspegli sem flest sjónarmið og að félagsleg ábyrgð safnsins felst í því að veita öllum bæjarbúum aðgengi að fjölbreyttu safnefni og upplýsingum svo þeir geti á upplýstan hátt tekið ákvarðanir um margvísleg álitamál.

### Meginmarkmið og gildi

Að BH sé aðgengilegt öllum bæjarbúum og hluti af daglegu lífi þeirra.

Að starfsemi BH einkennist af víðsýni og virðingu gagnvart fólki af ólíkum uppruna og stöðu. Að friðhelgi, fagmennska, fjölbreytni og þjónustulund séu hornsteinar starfsemi BH

Að BH veiti aðgang að fjölbreyttu safnefni og upplýsingum á mismunandi formi og efli þannig menningarstarfsemi, menntun, símenntun, atvinnulíf, íslenska tungu, ánægjulestur og upplýsingalæsi.

Að starfsfólk BH tileinki sér nýjungar á sviði bókasafns- og upplýsingaþjónustu og skipi sér í framvarðarsveit íslenskra almenningsbókasafna með jákvæðri, markvissri og öflugri þjónustu.

Að fjölbreytt viðburðahald BH beri jafnan keim af og endurspegli þjóðfélag í gerjun.

Að safnfræðsla og sögustundir og heimsóknir í BH nái til nemenda á öllum skólastigum og heimsókn í BH sé eftirsóknarverður valkostur sem styrki framþróun í skólstarfi.

Að BH sé virkur þátttakandi samvinnu bókasafna nágrannasveitarfélaga og í faglegu þróunarstarfi almenningsbókasafna á landsvísu.

| <b>Bókasafn Hafnarfjarða</b> |          |         |         |              |
|------------------------------|----------|---------|---------|--------------|
| Lykiltölur 2016/17           | 2015     | 2016    | 2017    | Áætlun 2018? |
| Safnkostur                   | 139.201  | 139.180 | 139.432 | 138.921      |
| Gestafjöldi                  | 140.299  | 138.723 | 128.787 | 137.014      |
| Útlán                        | 238.822  | 233.566 | 204.000 | 190.000      |
| Útlán á gest                 | 1.70     | 1.68    | 1.62    | 1.60         |
| Útlán á bæjarbúa             | 8.73     | 8.38    | 7.88    | 7,2          |
| Stöðugildi                   | 14.3     | 14.45   | 13.90   | 14.1         |
| Sögustundir: fjöldi/skipti   | 1.127/73 | 850/52  | 930/68  | 1.230/78     |
| Safnkynningar fjöldi/skipti  | 398/15   | 421/19  | 350/15  | 520/20       |
| Sumarlestur- þátttakendur    | 214      | 250     | 395     | ?            |

|                                   |        |        |          |        |
|-----------------------------------|--------|--------|----------|--------|
| Pólskar sögustundir fjöldi/skipti | 207/25 | 226/15 | 92/10    | 70/10? |
| Fjárhagsáætlun/Sértekjur millj.   |        | 163/14 | 170/13.8 | 182/12 |

## Stiklur úr viðburðadagatali BH 2016-2017

|                    |                                                                                                                                                                                                                    |
|--------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| September 2016     | Foreldrahópur, Handavinnuhópur, Bókasafnsdagurinn, Heilahristingur, Starfsemi menningarstofnana í Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi og Hafnarfirði kynnt fyrir grunnskólakennurum sveitarfélaganna í Salnum Kópavogi, |
| Október 2016       | Foreldrahópur, Handavinnuhópur, Bókmenntaklúbbur, Heilahristingur Bangsadagurinn, Bleiki dagurinn, Draugabærinn Hafnarfjörður                                                                                      |
| Nóvember 2016      | Foreldrahópur, Handavinnuhópur, Heilahristingur, Bókmenntaklúbbur, Norræna bókasafnsvikan, Luktaganga þýska tengslanetsins, Dagur íslenskrar tungu, Kynstrin- 2 upplestrarkvöld                                    |
| Desember 2016      | Foreldrahópur, Handavinnuhópur, Bókmenntaklúbbur, Heilahristingur, Jólaborpið, Kynstrin-upplestardagar fyrir unglunga og yngri börn, Bréfamaráðon Amnesty ,                                                        |
| Janúar 2016        | Foreldrahópur, Handavinnuhópur, Bókmenntaklúbbur, Heilahristingur, Starfsdagur                                                                                                                                     |
| Febrúar 2017       | Foreldrahópur, Handavinnuhópur, Bókmenntaklúbbur, Heilahristingur, Bóka- og bíó dagar, Safnanótt, Heimsdagur barna, Öskudagssmiðja, Starfsdagur í skólum                                                           |
| Mars 2017          | Foreldrahópur, Handavinnuhópur, Bókmenntaklúbbur og Heilahristingur                                                                                                                                                |
| Apríl 2017         | Foreldrahópur, Handavinnuhópur, Bókmenntaklúbbur, Heilahristingur, Maifest, Bjartir dagar og Vika bókarinnar, Kynning á Rafbókasafni, Uppskeruhátíð leiksskólubarna                                                |
| Maí - Ágúst 2017   | Sumarlestur grunnskólubarna                                                                                                                                                                                        |
| Allt árið um kring | Sögustundir barna, Leik- og grunnskólakynningar, Þýskunámskeið fyrir börn, Sögustund barna á pólsku, Höfundar kynntir með útstillingum, Sýningar í glerskápnum, Ýmsar smásýningar innanhúss.                       |

## Helstu verkefni 2018

**Stefnumótun** - Nauðsynlegt er að rýna framtíð tónlistardeilda BH m.a. í ljósi breyttrar nálgunar og neysluvenja á tónlist og rýmisnýtingar safnsins

**Þjónustustefna**- BH er fyrst og síðast þjónustustofnun með það að markmiði að jafna aðgengi að menningu og þekkingu. Á komandi ári verður unnið að því að setja stofnuninni þjónustu-stefnu með það fyrir augum að bæta þjónustu safnsins, auka þjónustuvitund starfsmanna, samræma þjónustuna og gera hana markvissari.

**Uppbygging safnkosts** – Unnið verður áfram að endurskoðun og uppfærslu stefnumótun BH um uppbyggingu safnkosts, bókval, grisjun, meðferð gjafa o.fl.

**Gjaldskrá og tekjur** - Gjaldskrárhækkningar verða engar árið 2018 nema vegna millisafnalána sem hækka m.t.t. raunkostnaðar þjónustunnar. Minnkandi útlán hafa haft áhrif á tekjur og eru því áætlaðar um 2m kr. minni síðasta ár. Gjald af útlánum myndefnis verður fellt niður, en dagsektir jafnaðar. Útlán efnisins ættu að aukast og BH aðlagar sig að verklagi í Millireykjasöfnum.

Vakin er athygli á að BH borgar hlut allra bókasafna Hafnarfjarðar, BH, skólabókasafna, listasafns og skólaskrifstofu til Landskerfi bókasafna, aðgang að rafrænum gagnagrunnum og tímaritum gegnum hvar.is. ásamt rafráttabókafninu. Einnig hefur starfsfólk BH, að kostnaðar-lausu, tekið að sér skráningu á safnefni nokkurra skólabókasafna bæjarins í skráningar-grunninn Gegni. Þessu er þannig háttað hér, en önnur sveitarfélög skipta gjarna kostnaði á viðeigandi deildir.

**Safnkostur/búnaður**- Áfram verður unnið að rýni á samvinnu við Skarðshlíðarskóla um hugsanlega opnum útibús á völlum Hugað er að auknum innkaupum á nýju safnefni vegna verkefnisins og bókakofforta á leikskóla. Stefnt er að endurnýjun slitinna stóla og gamalla skrifborða í safninu til að nútímavæða vinnuástöðu í samræmi við vinnuvandarsjónarmið og staðla Vinnueftirlitsins.

**Viðburðahald** - Stefnt að enn fjölbreyttara viðburðahaldi bókasafnsins, sérstaklega í tengslum við tónlistardeild og viðburðahaldi fyrir börn og foreldra. Undirbúið verður að bjóða bæjarbúum uppá bókmenntagöngur um bæinn í boði. Skipuð verður nefnd starfsmanna vegna 100 ára árstíðar BH hausti 2022.

**Læsi** – Tekið verður þátt í samvinnuverkefni Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna (SFA) og Upplýsingar við lestrarteymi Menntamálastofnun um átak í kynningu á lestri og þátt almenningsbókasafna í því verkefni. Í ljósi mikillar umræðu um læsi í þjóðfélaginu verður að minna á að almenningsbókasöfn eru mikilvægur hlekkur í þeirri keðju sem almennt séð sjá um að viðhalda, ýta undir og stuðlarað auknu læsi í samfélaginu. Læsi í víðustu merkingu er rauður þráður í gegnum starfsemi og þjónustu safnsins með áherslu á barnatengda dagskrá, bókmenntir, fræðslu og viðburði.

**Kynningarmál** - Stefnt er að útgáfu kynningarbæklinga um BH og að honum verði dreift á öll heimili bæjarins. Einnig mætti huga að sameiginlegri skipulagningu og markaðssetningu viðburða menningarstofnana miðbæjarins á svipaðan hátt og gert er í Kópavogi.

**Rýmisnýting** – Úrvinnsla úr tillögum sérfræðings sem fenginn til að gera úttekt á rýmisnýtingu BH og hvað sé hægt að færa til betri vegar



**Viðhald** – Nauðsynlegt er að hlú vel að viðhaldi safnbyggingar BH og eftirlit með athygli og áherslum á heilsusamlegt starfsumhverfi. Átaks er þörf í viðhjalsmálum til að glíma við vanda vegna raka og myglu í byggingunni.

**Grænt bókasafn** - Endurvinnslustefna og –ferlar safnsins verða rýndir og uppfærðir með umhverfislegan ávinning að leiðarljósi. Stefnt er á þátttöku og búið í haginn vegna verkefnisins „Grænum skrefum“ þegar og ef sveitarfélögin taka þau mál uppá sína arma. Stefnt að því að láta framleiða vistvæna bókasafnspoka og selja gegn vægu verði og afleggja um leið sölu plastpoka. Þessi aðgerð er liður í efla vistrænan rekstur BH og minnka skaðleg umhverfisáhrif.

**Öryggismál** – Öryggismál og –stefna Hafnarfjarðar verður í forgrunni og áfram verður unnið að gerð öryggishandbókar og áhættumats á störfum í safninu.

**Sí- og endurmenntun** – Á næsta ári munu ófaglærðir starfsmenn BH áfram taka virkan þátt í skipulögðu endurmenntunarferli í boði bæjarins og Starfsmenntar. Faglærðir starfsmenn munu í auknu mæli nýta sér aðgang að sjóðum Starfsmenntunarseturs BHM til faglegrar endurmenntunar

**Fjölmennning** – BH stefnir að því að auka þjónustu við nýbúa og hælisleitendur og hlú vel að þeirri starfsemi sem fyrir er í safninu. Pólska starfið verður tekið föstum tókum og stutt verður enn betur við námsaðstoð Heilahristings, en þátttaka í verkefninu hefur aukist til muna.

8.12.2017

Óskar Guðjónsson

Forstöðumaður Bókasafns Hafnarfjarðar

## Byggðasafn Hafnarfjarðar – starfsáætlun 2018

Byggðasafn Hafnarfjarðar starfar í almannabágu og er ekki rekið í hagnaðarskyni. Það starfar samkvæmt gildandi lögum um söfn, safnalögum og lögum um menningarminjar. Það er opið almenningi á auglýstum tímum og skal auk þess kynnt nemendum allra skólastiga í samráði við skólafyrirvöld.

Helstu verkefni safnsins eru að byggja upp, skrá og varðveita góðan safnkost muna og ljósmynda sem varpa ljósi á sögu og menningu svæðisins samkvæmt söfnunarstefnu þess. Að miðla menningu og sögu bæjarfélagsins, meðal annars með sýningahaldi og fyrirlestrum eða með öðrum þeim hætti sem henta þykir og fjárhagsáætlun safnsins gerir kleift hverju sinni. Safnið sér um skráningu og verndun fornleifa og annarra söguminja á svæðinu í samráði og samvinnu við Minjastofnun Íslands. Þá skal safnið í samvinnu við sömu stofnun gangast fyrir nákvæmri skráningu þeirra mannvirkja á starfssvæðinu sem af byggingar- eða menningarsögulegum ástæðum hafa varðveislugildi en skráning forleifa og húsa er ein af forsendum skipulagsvinnu á vegum bæjarfélagsins.

### Meginmarkmið

Meginmarkmið Byggðasafns Hafnarfjarðar á árinu 2018 er að sinna hlutverki sínu og veita þá þjónustu sem til er ætlast af stofnuninni svo sómi sé að. Lögum er lúta að minjavörslunni og safnastarfsemi sé framfylgt í hvívetna og að rekstur safnsins sé innan fjárheimilda ársins.

### Helstu verkefni 2018

Helstu verkefni safnsins á árinu 2018 eru á sviði miðlunar, rannsókna og varðveislu. Fornleifa- og húsaskráningar verða unnar í góðri samvinnu við umhverfis og skipulagsþjónustu bæjarins. Ennfremur verður unnið úr tilfallandi fyrirspurnum og mati er varðar byggingararf bæjarins og fornleifar í landi hans. Þá verður unnið að flokkun, skönnun og skráningu á ljósmyndasafni Byggðasafnsins. Haldið verður áfram rannsóknum, skráningu og varðveislu á safnkosti safnsins, munir rannsakaðir, flokkaðir, ljósmyndaðir og skráðir í gagnarunninn Sarp. Samhliða því verður unnið að frágangi safnkosts á lager safnsins við Hringhellu.

Miðlunarhlutverki safnsins verður sinnt með sýningahaldi, leiðsögnum og móttökum skólahópa, fyrirlestrum, sögugöngum og öðrum uppákomum auk útgáfu smárita. Nýjar sýningar verða settar upp í forsal Pakkhússins og á strandstígnum auk þess sem fastasýningarnar sex verða uppfærðar að vissu marki og endurnýjaðar. Þá verða sett upp tvö minjaskilti á árinu. Á árinu fagnar Hafnarfjarðarkaupstaður 110 ára afmæli og Byggðasafn Hafnarfjarðar 65 ára afmæli, þeirra tímamóta verður minnst auk 100 ára fullveldis Íslands.

| Byggðasafn Hafnarfjarðar       | 2011   | 2012   | 2013   | 2014   | 2015   | 2016   | 2017   |
|--------------------------------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|--------|
| Fjöldi gesta                   | 20.414 | 20.940 | 22.134 | 23.617 | 25.435 | 26.138 |        |
| Fjöldi sýninga                 | 11     | 10     | 8      | 8      | 8      | 10     | 11     |
| Fjöldi fyrirlestra / söguganga | 1      | 0      | 5      | 8 / 14 | 5 / 13 | 5 / 5  | 10 / 5 |

## **Hafnarborg - starfsáætlun 2018**

### **Tilgangur**

Hlutverk Hafnarborgar – menningar- og listastofnunar Hafnarfjarðar er að standa fyrir öflugum og metnaðarfullum menningarstarfi og stuðla þannig að fjölbreyttu mannlífi. Hafnarborg varðveitir listaverkæign Hafnarfjarðarbæjar og stendur fyrir rannsóknum og sýningum á henni þannig að bæjarbúar fái notið og verkin verði sýnilegur hluti íslenskrar menningar- og listasögu. Ennfremur rekur Hafnarborg alþjóðlega gestavinnustofu.

Hafnarborg starfar samkvæmt stofnskrá og í samræmi við menningarstefnu Hafnarfjarðarbæjar, safnalög og siðareglur Alþjóðaráðs safna.

### **Meginmarkmið**

- Gæði og áræðni einkenni dagskrá Hafnarborgar sem skal vera öflugt innlegg í jákvæða ímynd Hafnarfjarðarkaupstaðar og sjálfsmynd bæjarbúa.
- Sýningar og listviðburðir endurspeglir gerjun samtímans og kynni það sem markverðast er hverju sinni.
- Listviðburðir séu vel kynntir og heimsókn í Hafnarborg sé hluti af daglegu lífi bæjarbúa sem njóti þar fræðslu, skemmtunar og áhugaverðrar upplifunar af listum.
- Markviss safnfræðsla nái til nemenda á öllum skólastigum og heimsókn í Hafnarborg sé eftirsóknarverður valkostur sem styrki framþróun í skólastarfi.
- Öflugt samstarf við listamenn, söfn og aðrar menningarstofnanir innanlands og utan.

### **Helstu verkefni 2018**

#### **Myndlistarsýningar**

Haldnar verða 11 sýningar á 6 sýningartímabilum. Sýningar ársins verða fjölbreyttar - einkasýningar, þemasýningar, sýningar sem gera skil ákveðnum þáttum í íslenskri listasögu og sýningar úr safneign. Við val sýninga er það haft að leiðarljósi að höfða til fjölbreyttra hópa og treysta Hafnarborg í sessi sem áhugaverðan viðkomustað fyrir bæjarbúa og mikilvægan vettvang myndlistar hér á landi. Öllum sýningum er fylgt úr hlaði með fræðsludagskrá bæði fyrir almenna safngesti og sérhópa s.s. skólahópa. Áhersla er lögð á að bjóða upp á samtal gesta við listamenn og sýningarstjóra og stuðla þannig að áhugaverðari upplifun af sýningum. Listsmiðjur og leiðsagnir fyrir börn eru reglulegir viðburðir.

Hafnarborg fagnar 35 ára stofnafmæli og 30 ára vígsluafmæli safnhússins á árinu 2018 og verður haldið upp á það með veglegri sýningu á verkum úr safneign Hafnarborgar. Af því tilefni verður einnig gefið út kynningarit um starfsemina.

## Tónleikar

Tónleikahald í Hafnarborg miðar að því að þjóna ólíkum hópum tónlistaráhugafólks. Hádegistónleikar verða 8 en á þeim er mest flutt óperutónlist, þeir afar fjölsóttir og þjóna breiðum hópi gesta. Á tónleikaröð Hafnarborgar Hljóðön er flutt samtímatónlist. Í röðinni verða 2 tónleikar. Jafnframt verða á dagskrá fjölbreytir tónlistaviðburðir í samstarfi við tónlistarmenn og aðra. Á árinu 2017 gekk Hafnarborg til samstarfs við Guðrúnu Jóhönnu Ólafsdóttur söngkonu sem skipulagði Sönghátíð í Hafnarborg 1. – 9. júlí, gert er ráð fyrir að sú hátíð verði einnig haldin á árinu 2018.

## Aðrir viðburðir

Fjölbreytt dagskrá er í safninu í samstarfi við til dæmis Bjarta daga, Syngjandi jól, Safnanótt, Safnadaginn og 17. júní.

## Safneign

Lokið verður við að frumskrá safneign í safnmunaskrána Sarp auk þess sem áfram verður unnið að því að gera safneignina aðgengilega almenningi með myndrænum upplýsingum í gegnum [www.sarpur.is](http://www.sarpur.is). Ráðgert er að hægt verði að endurskoða staðsetningu á geymslu safnsins þannig að ekki stafi hættu frá raka sem komið hefur fram í hluta geymsluhúsnæðis.

Á árinu 2009 var Hafnarborg falin umsjá útilistaverka í Hafnarfirði og var forvörður fenginn til að vinna úttekt á ástandi verkanna. Skipulega er unnið að forvörslu þeirra eftir forgangsröðun sem úttektin leiddi í ljós. Á árinu 2017 voru tvö verk tekin til viðgerðar, þau sandblásin, ryðvarin og máluð á ný. Á árinu 2018 er ráðgert að beina athyglinni að áframhaldandi viðhaldi og tilfærslu verka á Víðistaðatúni.

Unnið verður áttak í að kynna útilistaverk í Hafnarfirði betur fyrir almenningi, með dreifingu upplýsinga á vefnum og prentun bæklinga.

## Útgáfa.

Gefnar verður út tvær sýningarskrár á árinu. Þær verði í litlu broti eins og þær skrár sem komu út á árinu 2017 og áherslan verði á greinandi texta sem innlegg í fræðilega umræðu um myndlist.

## Fyrir fjölskyldur

Það er stefna Hafnarborgar að vera samkomustaður fyrir alla aldurshópa. Sérstaklega er tekið á móti fjölskyldum á sérstökum fjölskyldusmiðjum sem haldnar eru amk einu sinni á hverju sýningartímabili. Hafnarborg stendur einnig fyrir skapandi sumarnámskeiðum fyrir börn á aldrinum 6 til 12 ára sem hafa verið afar vel sótt. Í samstarfi við Sönghátíð í Hafnarborg var sumarið 2017 boðið upp á tónlistarnámskeið fyrir börn, til stendur að gera það aftur sumarið 2018. Á árinu 2017 var tekin upp sú nýbreytni að bjóða upp á smiðjur fyrri börn í vetrarfríi og tókst það afar vel. Smiðjurnar voru vel sóttar og almenn ánægja með þetta framtak. Haldið verður áfram með þær á árinu 2018.

## Gestaíbúð Hafnarborgar

Íbúðin var fullbókuð á árinu 2017 eins og ávallt. Í samræmi við stefnu Hafnarborgar var íbúðin nýtt fyrir erlenda gesti á vegum safnsins, haldið verður áfram á þeirri braut og bókunartími stytur í ár þannig að skipulag sýningar- og tónleikahalds haldist í hendur við bókanir í íbúðinni. Á árinu 2018 mun amk einn listamaður sem sýnir í safninu dveljast í íbúðinni á sama tíma.

## Nýjungar

Áfram verður unnið að gerð sýningar úr safneign í Apótekinu sem nýst geti til fræðslu fyrir ýmsa aldurshópa.

Sérstaklega verður hugað að markaðssetningu safnsins fyrir erlenda ferðamenn m.a. með samstarfi við önnur söfn.

Breyttur rekstur safnverslunar, þar sem áherslan er á útgáfu safnsins sjálfs en hætt verður að selja hönnunarvörur.

| <b>Hafnarborg</b>                                           |             |             |             |             |             |
|-------------------------------------------------------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| Lykiltölur <b>2018</b>                                      | <b>2014</b> | <b>2015</b> | <b>2016</b> | <b>2017</b> | <b>2018</b> |
| Safngestir                                                  | 23675       | 15000       | 20164       | 20000       | 22000       |
| Fjöldi nemenda með leiðsögn                                 | 1137        | 805         | 1574        | 1300        | 1600        |
| Fyrirlestrar og leiðsagnir                                  | 33          | 24          | 26          | 20          | 20          |
| Viðburðir skipulagðir sérstaklega fyrir börn og fjölskyldur | 10          | 12          | 36          | 16          | 13          |
| Myndlistarsýningar                                          | 12          | 11          | 11          | 11          | 11          |
| Tónleikar                                                   | 15          | 12          | 12          | 16          | 16          |
| Skráð verk í safneign                                       | 1352        | 1408        | 1416        | 1424        | 1467        |
| Fjöldi verka í stofnunum Hafnarfjarðarbæjar                 | 194         | 194         | 190         | 190         | 190         |

[www.hafnarborg.is](http://www.hafnarborg.is)